




HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjörður 20.10.2020



## Skýrsla starfshóps um verklag stofnana Hafnarfjarðarbæjar vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu gagnvart börnum

Höfundar skýrslu:

Haukur Haraldsson sálfræðingur fjölskyldu- og barnamálasviðs  
Eiríkur Þorvarðarson deildarstjóri greiningar og ráðgjafar mennta- og lýðheilsusviðs  
Kolbrún Ögmundsdóttir félagsráðgjafi barnavernd fjölskyldu- og barnamálasviðs  
Guðbjörg Björnsdóttir verkefnastjóri PMTO mennta- og lýðheilsusviðs (í leyfi)

## Efnisyfirlit

Formáli.....	2
Fjölskyldu- og barnamálasvið .....	3
Barnaverndarteymi .....	3
Stuðnings- og stoðþjónustuteymi.....	3
Ráðgjafarteymi .....	3
Stoðdeild flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd.....	3
Önnur úrræði .....	4
Mennta- og lýðheilsusvið.....	4
Grunnskólar .....	4
Leikskólar .....	5
BRÚIN .....	6
Brúarteymi .....	6
Fjölskyldu- og skólaþjónusta Brúarinnar .....	6
Tómstundastarf .....	7
Sundlaugar .....	7
Íþróttahús.....	7
IBH .....	7
Tómstundastarf utan grunnskólanna .....	7
Aðkeypt þjónusta.....	7
Tómstunda og íþróttastarf sem er ekki á vegum bæjarfélagsins.....	8
Óháð fagráð .....	8
Samantekt.....	8
Tillögur hópsins.....	8

## Minnisblað

Til: Fjölskylduráðs

Frá: Starfshópi um verklag stofnana Hafnarfjarðarbæjar vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu gagnvart börnum.

Efni: Svar við erindi frá fjölskylduráði

---

Nr máls 1905273

Erindi: Fjölskylduráð felur sviðsstjóra að mynda samráðshóp þvert á svið. Í framhaldi af stofnun samráðshóps þarf að stofna stýrihóp sem heldur utan um verkefnið. Verkefnið er fyrst og fremst fólgið í því að fara yfir og samræma verklag stofnana Hafnarfjarðarbæjar vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu gagnvart börnum. Verkefninu skal lokið eigi síðar en 1. mars 2020.

### Formáli

Stýrihópur með fulltrúum fjölskyldu- og barnamálasviðs ásamt fulltrúum mennta- og lýðheilsusviðs, fékk það verkefni að fara yfir og samræma verklag stofnana Hafnarfjarðarbæjar. Í því skyni var kallað eftir gögnum hjá hverri stofnun bæjarins sem hafa með málefni barna að gera, og gerðar tillögur að og settar fram tillögur um það hvernig hægt er að samhæfa betur verklag.

Í 17. gr. barnaverndarlaga nr 80/2002 er lögð rík skylda á einstaklinga sem hafa afskipti af börnum starfa sinna vegna sbr.

**17. gr.** *Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.*

[Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða þungaðra kvenna og verður var við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.] <sup>1)</sup>

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum, [náms- og starfsráðgjöfum] <sup>1)</sup> og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Til að framfylgja þessum lögum er mikilvægt að hver stofnum hafi skýrt verklag.

Hér er farið yfir hvernig málum er háttað á hverri stofnun fyrir sig og komið með tillögur að úrbótum.

### Fjölskyldu- og barnamálasvið

Innan fjölskyldu- og barnamálasviðs eru starfandi sérhæfð teymi sem koma að málefnum barna og fjölskyldna þeirra; barnaverndarteymi, ráðgjafar- og húsnæðisteymi, og stuðnings- og stoðþjónustuteymi, stoðdeild flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd og fjölskyldu- og skólaþjónusta BRÚARINNAR. Þeir starfsmenn sem starfa á skrifstofu fjölskyldu- og barnamálasviðs eru sérfræðingar á sínu sviði og starfa því undir siðareglum síns fags. Þeir starfsmenn sem ráðnir eru til starfa á fjölskyldu- og barnamálasviði þurfa framvísa sakavottorði. Skilyrði fyrir ráðningu er að þeir hafi ekki hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri.

### Barnaverndarteymi

Barnaverndarteymi starfar samkvæmt barnaverndarlögum og hefur það megin hlutverk að taka við og vinna tilkynningar í málum barna þar sem grunur er um vanrækslu eða ofbeldi. Hver grunn- og leikskóli hefur sinn tengilið hjá barnavernd sem sinnir m.a. fræðslu fyrir starfsmenn um ofbeldi og vanrækslu á börnum.

### Stuðnings- og stoðþjónustuteymi

Stuðnings- og stoðþjónustuteymi hefur það meginhlutverk að þjónusta einstaklinga með fötlunargreiningu. Verklag stuðnings- og stoðþjónustuteymis í tilvikum þar sem grunur vaknar um ofbeldi eða vanrækslu barna miðast við 17. gr. barnaverndarlaga um tilkynningarskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum.

Verklag gerir ráð fyrir að ef grunur vaknar um að barn verði fyrir ofbeldi eða vanrækslu sé það tilkynnt til barnaverndar. Vinnulag teymisins er á þá vegu að ef grunur um ofbeldi eða vanrækslu gagnvart barni vaknar hjá starfsmanni ber honum að veita yfirmanni sínum þær upplýsingar. Að höfðu samráði við deildarstjóra barnaverndar og starfsmann í stuðnings og stoðþjónustuteymi er málið tilkynnt til barnaverndar.

### Ráðgjafarteymi

Hlutverk ráðgjafarteymis er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa með því að veita félagslega þjónustu, aðstoð og ráðgjöf og stuðla að velferð íbúa samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ef grunur er um að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi er málið tilkynnt til barnaverndarnefndar skv. 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

### Stoðdeild flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd

Stoðdeild flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd er deild innan fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar. Meginhlutverk deildarinnar er að þjónusta umsækjendur um

alþjóðlega vernd skv. samningi við Útlendingastofnun og að veita þjónustu til flóttamanna sem fengið hafa vernd. Deildin fer einnig með vinnslu barnaverndarmála sem kunna að koma upp hjá skjólstaðingum og sinnir fylgdarlausum ungmennum sem hafa sótt um vernd í sveitarfélaginu.

### Önnur úrræði

Innan fjölskyldu- og barnamálasviðs eru ýmis úrræði sem miðast að því að vinna með börnum og foreldrum s.s. liðveiðsla, persónleg ráðgjöf, vistheimili, eftirlit á heimili og tilsjón. Eitt af meginmarkmiðum þessara úrræða er að styðja og leiðbeina þjónustugegum sem hafa verið útsettir fyrir vanrækslu eða ofbeldi og að tilkynna til barnaverndar skv. 17. gr. bvl. ef grunur vaknar um vanrækslu eða ofbeldi. Þegar starfsmenn úrræða eru ráðnir til starfa eru þeir upplýstir um það verklag sem er hjá sviðinu þegar grunur vaknar um að barn búi við vanrækslu eða ofbeldi og þeim gerð grein fyrir tilkynningarskyldu sinni.

### Mennta- og lýðheilsusvið

Til eru starfsreglur hjá Hafnarfjarðarbæ þar sem m.a. er tiltekið hvernig bregðast skuli við vegna gruns um vanrækslu og ofbeldi gagnvart börnum. Þessar starfsreglur eru byggðar á reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitafélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum (reglugerð nr. 584/2010). Það starfsfólk sem ráðið er til starfa á mennta- og lýðheilsusvið þarf að þurfa framvísa sakavottorði. Skilyrði fyrir ráðningu er að þeir hafi ekki hlotið refsisdóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri.

Innan mennta- og lýðheilsusviðs eru 9 grunnskólar og 18 leikskólar, 2 einkareknir grunnskólar og 1 einkarekinn leikskóli. Innan hvers grunnskóla er tómstunda- og frístundastarf, sundlaugar og íþróttahús.

### Grunnskólar

Í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) eru ákvæði sem tengjast vellíðan barna og skyldum grunnskóla til að vernda börn gegn ofbeldi. Þessi ákvæði eru m.a.:

#### 13. gr.

Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskóli skal í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna. (1. mgr.)

#### 30. gr.

Grunnskólar skulu hafa heildstæða stefnu um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólalastarfi. Skólar skulu einnig hafa áætlun um framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum, um hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun. Áætlun skal m.a. framfylgt með því að hver skóli setji sér skólareglur. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Þá skal í skólareglum koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim. (2. mgr.)

Grunnskólar Hafnarfjarðar, gjarnan í samráði við skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs, hafa unnið að margvíslegri stefnumótun, aðgerðaráætlunum og verklagi til að fylgja því eftir að vernda nemendur gegn ofbeldi í samræmi við lög og stefnu sveitarfélagsins. Allir grunnskólar Hafnarfjarðar vinna þar að auki eftir samræmdum áherslum til að fylgja eftir góðum skólabrag, hafa fullnægjandi skólareglur, styðja við nemendur með hegðunarvanda, vinna gegn ofbeldi með SMT-skólafærni og ýta undir jafnrétti og mannréttindi í öllu skólastarfi. Auk þess eru teymi starfandi í skóla sem vinna að samhæfingu og ráðgjöf til starfsfólks, t.d. SMT-teymi og eineltisteymi. Öll þessi atriði eru kynnt foreldrum í árlegri starfsáætlun skóla og annarri upplýsingagjöf til heimilanna. Þá er sérstaklega unnið að forvörnum kynferðislegs ofbeldis í grunnskólum Hafnarfjarðar. Allir starfsmenn grunnskóla Hafnarfjarðar fara í gegnum fræðslu Blátt áfram/Barnaheill sem nefnist Verndarar barna til að hljóta fræðslu um viðbrögð við kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum og bent er á óviðeigandi hegðan starfsmanna í samskiptum við nemendur skóla, bæði til forvarna og í fælingarskyni.

Þá hafa skólastjórnendur aðgang að sérstökum leiðbeiningum frá skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs um margvíslegar forvarnir og viðbrögð gegn ofbeldi í mörgum þess myndum (líkamlegt, kynferðislegt, félagslegt, andlegt) sem hægt er að flokka í ýmis heiti eins og t.d. einelti eða vanrækslu. Hver grunnskóli hefur svo útfært verklag við ofbeldi út frá sínum sérstöku aðstæðum. Þannig miðar skólastarf hvers grunnskóla að því að vinna að góðum samskiptum í skóla og það er á ábyrgð skóla að bregðast við hvers kyns ofbeldi gagnvart nemendum sem á sér stað í skóla og öðru því sem nemandi tjáir sig um gagnvart starfsfólki. Sömuleiðis geta skólastjórnendur grunnskólanna óskað aðkomu og aðstoðar frá skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs við að vinna með skóla í einstaka ofbeldismálum telji þeir nauðsynlegt að fleiri aðilar komi að vinnslu máls, t.d. vegna alvarleika máls sem og samskiptaörðugleika við heimili nemenda.

Nemendaverndarráð starfa í öllum grunnskólum bæjarins í samræmi við lög um grunnskóla. Nemendaverndarráð tekur á málum er varða ofbeldi nemenda, hvort sem það er af hálfu annarra nemenda, starfsmanna skóla eða úr nærumhverfi nemenda eins og vitneskja skóla er á hverjum tíma. Starfsfólk skóla vísar erindum til nemendaverndarráðs í samspili við Brúarteymi skóla. Í Brúarteymi sitja auk starfsfólks skóla, samráðsaðilar frá skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs og fjölskylduþjónustu- og skólaþjónustu Brúarinnar sem vinnur að því að leysa vanda sem snýr að einstaka nemendum (sjá frekari skýringu í kafla; Brúarteymi).

### Leikskólar

Í leikskólum Hafnarfjarðar er starfað eftir starfsreglum samráðsteyma við leikskóla Hafnarfjarðar. Starfsreglurnar skiptast í 5 megin þætti, þ.e. hlutverk, skipan, fundi, málavísan og málsafgreiðslu samráðsteymis. Hlutverk samráðsteyma leikskóla felst meðal annars í því að vinna og afgreiða tilkynningar og aðrar upplýsingar til barnaverndaryfirvalda í samræmi við skyldur. Á sama hátt og í grunnskólanum er Brúarteymi, sem í sitja auk

stjórnenda, samráðsaðilar frá skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs og skóla- og fjölskylduþjónustu Brúarinnar, sem vinnur að því að leysa vanda barna. Einnig geta stjórnendur leikskóla leitað til síns tengiliðs í barnavernd um álitamál hvað varðar tilkynningu vegna barna ef eitthvað er athugavert varðandi aðstæður og/eða nærumhverfi barnsins.

## BRÚIN

BRÚIN er verklag Hafnarfjarðarbæjar er varðar þjónustu við börn og barnafjölskyldur, sem hefur verið í þróun frá árinu 2018. Markmið BRÚARINNAR er að samþætta og efla þjónustu við leik- og grunnskólabörn bæjarins með því að veita aukna þjónustu á fyrri stigum með aðkomu Brúarteyma.

### Brúarteymi

Brúarteymi er þverfaglegt teymi sem starfrækt er í öllum skólum sveitarfélagsins þar sem fagaðilar á vegum skólans sitja, ásamt ráðgjöfum frá fjölskyldu- og skólaþjónustu BRÚARINNAR og ráðgjöfum frá mennta- og lýðheilsusviði. Hlutverk Brúarteyma er að kortleggja stöðu barns, með samþykki foreldra, og leita sameiginlegra lausna, barni og fjölskyldu þess til stuðnings.

Samkvæmt verkferli Brúarinnar þá vinnast mál þar sem grunur er um skort á þroskavænlegum uppeldisskilyrðum eða ofbeldi, á eftirfarandi hátt innan skóla:

Þroskavænleg uppeldisskilyrði: Ef það er mat starfsfólks skóla að foreldrar þurfi stuðning og/eða fræðslu við að búa barni viðunandi uppeldisskilyrði, þá vísar nemendaverndarráð máli þeirra í Brúarteymi. Teymið kortleggur stöðu barnsins út frá fyrirbyggjandi gögnum, setur upp markmið málavinnslu, tímaramma og virkjar strax úrræði við hæfi. Ef árangur næst ekki í málavinnslu innan ákveðins tímaramma og þörf er á yfirgrípsmeiri úrræðum er málið tilkynnt til barnaverndar skv. 17. gr. barnaverndarlaga.

Ofbeldi: Ef grunur leikur á að barn búi við óviðunandi aðstæður eða sé beitt ofbeldi, er tilkynning send til barnaverndar Hafnarfjarðar í gegnum nemendaverndarráð skólans.

### Fjölskyldu- og skólaþjónusta Brúarinnar

Fjölskyldu- og skólaþjónusta BRÚARINNAR er staðsett innan fjölskyldu- og barnamálasviðs og starfar þvert á fjölskyldu- og barnamálasvið og mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðarbæjar og veitir stuðning og ráðgjöf til starfsfólks skólanna í gegnum Brúarteymin. Brúarteymi getur vísað máli til frekari úrvinnslu til fjölskyldu- og skólaþjónustu Brúarinnar. Úrræði á vegum Hafnarfjarðarbæjar eru vikjuð út frá tímabundinni þjónustuáætlun. Dæmi: teymisvinna með skóla, stuðningsviðtöl við foreldra, stuðningsviðtöl við barn/ungling, uppeldisráðgjöf og foreldrafræðsla, einstaklingsstuðningur, tenging við þjónustustofnanir og aðra fagaðila. Samkvæmt verkferli fjölskyldu- og skólaþjónustu Brúarinnar vinnast mál þar sem grunur er um vanrækslu eða ofbeldi samkvæmt verkferli Brúarinnar.

### Tómstundastarf

Verkferlar í hverri frístunda- og félagsmiðstöð miðast að því verklagi sem til staðar er í hverjum skóla fyrir sig. Verkferlar vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu eru kynntir á námskeiðum sem starfsmenn sitja eins og nýliðanámskeiðum, Verndari barna námskeiðum og sumarstarfsnámskeiðum.

### Sundlaugar

Þegar upp koma mál í tengslum við sundkennslu þá eru þau tilkynnt skóla sem tekur við málinu. Þegar upp koma mál utan kennslu sem eru lögbrot er haft samband við lögreglu.

### Íþróttahús

Hafnarfjarðarbær semur við íþróttafélög um að reka stóru íþróttahúsin í bænum. Leitað hefur verið til viðkomandi íþróttafélaga um verklagsreglur en þær hafa ekki borist.

### IBH

ÍSÍ gefur út grunnlínu um verkferla og leggur upp að íþróttafélögin styðjist við þær. ÍBH hefur gert allar stefnur og verkferla að fyrirmynd ÍSÍ og eru þeir á heimasíðu ÍBH. Gert er ráð fyrir að íþróttafélögin stofni viðbragðsteymi hjá sér og að upplýsingar séu skýrar á heimasíðum íþróttafélaganna.

Samkvæmt ÍBH hafa sum félög ekki tekið við sér í þessu máli en það liggur fyrir að um haustið 2020 verði allar heimasíður félaganna skoðaðar með það fyrir augum að athuga hvaða félög birti verklagsreglur sem tengjast ofbeldi og vanrækslu gagnvart börnum.

### Tómstundastarf utan grunnskólanna

Á vegum bæjarins er starfsrækt tómstundastarf sem starfar utan grunnskóla, frístundaheimila, félagsmiðstöðva og Vinnuskólans. Hér er um að ræða ungmennahúsin Músík og mótör, Ungmennahúsið Hamarinn og sértæk verkefni ætluð börnum og unglingum. Hér liggja ekki fyrir skýrir verkferlar.

Því starfsfólki sem starfar við sumarnámskeið bæjarins og vinnuskólans er skylt að sitja fræðslu um verkferla um ofbeldi og vanrækslu barna. Til eru verklagsreglur sem byggjast á lögum um tilkynningarskyldu skv. 17 gr. barnaverndarlaga en bæta má aðgengi upplýsinga um verkferla þegar tilkynna þarf atvik, fyrir starfsfólk.

### Aðkeypt þjónusta

Hafnarfjörður nýtir sér þjónustu ýmissa verktaka sem taka að sér sérhæfð verkefni tengd börnum og ungmennum.

Búsetuúrræði eru með rekstrarleyfi frá Barnaverndarstofu og starfsleyfi frá heilbrigðiseftirlitinu. Eftir lauslega könnun kom í ljós að ekki liggur fyrir verklag ef upp kemst að barn hafi orðið fyrir ofbeldi eða vanrækslu heima fyrir.

Hjá fjölskyldu- og barnamálasviði er sú regla höfð að leiðarljósi að einungis er keypt þjónusta sérfræðinga sem starfa undir siðareglum.



### Tómstunda og íþróttastarf sem er ekki á vegum bæjarfélagsins

Ýmiskonar íþrótt- og tómstundastarf er rekið í bænum en er ekki á vegum bæjarins, sbr. íþróttastarf, skátastarf, björgunarsveit, dans- og listnám og kristilegt barnastarf á vegum kirkjunnar. Samningur er við öll íþróttafélög sem eru í ÍBH. Bærinn setur skilyrði í íþróttasamningnum um að verklagsreglur varðandi þessi mál verði í nýjum samningi við skátana. Þeim félögum sem eru ekki með slíka samninga er algerlega í sjálfsvald sett hvernig málum er háttað.

### Óháð fagráð

Á vegum bæjarins er starfandi óháð fagráð sem hefur það megin hlutverk að taka við erindum og álitamálum frá íþrótt- og tómstundafélögum í Hafnarfirði varðandi mál sem tengjast ofbeldi gagnvart börnum. Ráðið veitir félagasamtökum ráðgjöf varðandi vinnu við slík mál. Í ráðinu sitja fulltrúar frá mennta- og lýðheilsusviði, fjölskyldu- og barnamálasviði, og hjúkrunarfræðingur frá Heilsugæslunni Firði.

### Samantekt

Þær stofnarnir Hafnarfjarðar sem vinna með börnum virðast allar vera að vinna eftir verklagi sem miðast að því að þau mál þar sem grunur er um vanrækslu eða ofbeldi hjá börnum, séu strax tilkynnt til barnaverndar. Hjá öllum stofnunum bæjarins sem vinna með börnum liggja fyrir verkferlar en verklag er aðlagð hverri stofnun. Skortur er á að verklag og verkferlar séu sýnilegir og aðgengilegir öllu starfsfólki. Einnig vantar upp á kynningu og fræðslu á sumum starfsstöðvum. Með aðkomu Brúarinnar og auknu samstarfi milli sviða hefur orðið heildstæðari samvinna og samhæfing á kynningum og starfsemi ráðgjafa á báðum sviðum.

Mikilvægt er að huga að því að samræma betur skriflega verkferla og gera aðgengilegri þeim starfsmönnum sem koma að vinnu með börn. Einnig er mikilvægt að vera reglulega með fræðslu fyrir starfsfólk og þá sérstaklega ófaghlært, um hvernig þekkja meg einkenni ofbeldis og vanrækslu og viðbrögð við því.

### Tillögur hópsins

Lagt er til að samræmdir verkferlar verði settir upp myndrænt og verði aðgengilegir öllu starfsfólki. Þar verði áhersla lögð á:

- einkenni ofbeldis og vanrækslu
- lög og reglugerðir sem fjalla um velferð barna og ungmenna
- grunnverklag sem ber að fara eftir við grun um vanrækslu eða ofbeldi.

Fengnir verði til þessa sérfræðingar á þjónustu- og þróunarsviði í samvinnu við sérfræðinga á viðeigandi stofnunum.

- Lagt er til að sett verði upp markviss fræðsla fyrir starfsfólk um einkenni ofbeldis og vanrækslu. Til þess er hægt að nota Eloomi fræðslukerfi bæjarins.



Að gerð þessa minnisblaðs komu Haukur Haraldsson sálfræðingur fjölskyldu og barnamálasviðs, Eiríkur Þorvarðarson deildarstjóri greiningar og ráðgjafar mennta og lýðheilsusviðs, Kolbrún Ögmundsdóttir félagsráðgjafi barnavernd fjölskyldu og barnamálasviðs og Guðbjörg Björnsdóttir verkefnastjóri PMTO mennta og lýðheilsusviðs (í leyfi).